

Námsferð Hulduheima til Dublin.

Hulduheimar keyptu ferð í gegnum ferðaskrifstofuna Mundo sem skipulagði ferðina. Starfsfólk frá leikskólanum Hagaborg voru ferðafélagar okkar í flugi og rútu og eins á námskeiðinu. 14 einstaklingar frá okkur fóru í ferðina, flestir í KÍ en aðrir í Bárinni. FOSS hætti að veita styrki til kynnisferða um áramótin.

Við heimsóttum tvo leikskóla og sóttum námskeið um jákvæða sálfræði en fyrirlesari var Hrefna Guðmundsdóttir.

Leikskólaheimsókn 1. The Learning Tree

Leikskólinn er staðsettur í stórum grænum garði en á sama svæði er miðstöð fyrir blind börn, blindrabókasafn og einnig miðstöð fyrir fjölfötluð ungmenni. Við fengum góða kynningu á leikskólanum í stórum sal, svo var hópnum skipt niður í litla hópa og gengið með okkur um skólann.

Leikskólinn er í gömlu húsi með áföstum "kastala" og er á þremur hæðum og hefur verið starfræktur síðan 1989. Í leikskólanum eru yfir 200 börn frá 1-6 ára en börn á Írlandi geta hafið forskólagöngu 4 ára en í síðasta lagi 6 ára. Börn frá 3 ára aldri fá fría vistun í þrjá tíma á dag en vistun utan þess tíma er töluvert dýr og ekki á allra færi þannig að þau sem voru aðeins í 3 tíma, fóru heim eftir það. Þessi leikskóli fær fjármagn frá ríkinu en er einnig rekinn með styrkjum.

Okkur var vel tekið og fengum við góða kynningu á hugmyndafræðinni í sal. Eftir það var okkur skipt í hópa og við fengum leiðsögn um húsakynninn.

The Learning Tree gefur sig út fyrir að vera Montessori leikskóli og tekur einnig hugmyndir frá Reggio Emilia. Einnig var talað um að áhersla væri lögð á útivist og að hægt væri að fara í gönguferðir um svæðið og á staðnum eru dýr sem börnin geta heimsótt.

Þegar við gengum að leikskólahúsinu sjálfu komum við að leikvelli sem var staðsettur fyrir framan húsið, leikvöllurinn var tvískiptur, annars vegar aflokaður leikvöllur fyrir allra yngstu börnin með lágum leiktækjum. Hinn völlumurinn var fyrir eldri börn, mjög mörg börn voru úti að leika og margir starfsmenn. Þarna voru rólur, rennibraut og hjól. Báðir vellir voru með gervigrasi. Völlurinn fyrir eldri börnin var aðeins minni en yngri barna leiksvæðið í Hulduheimum. Við sáum svo að fyrir utan sumar deildir var ekki góð aðstaða til að athafna sig í fataherbergi og til að fara með börnin út þurfti að fara niður stigann eða í lyftu. Það rignir mikið og okkur var sagt að börnin væru ekki alltaf með regnföt þannig að þá fara þau ekki út. Ef farið var út fyrir leikvöllina var hægt að ganga um garðinn sem er eins og aflokaður almenningsgarður en þá var aðeins hægt að fara með smærri hópa í einu.

Upplifun okkar var að leikskólinn hefði sterka sýn sem endurspegladist ekki alveg í því sem við sáum á vettvangi. Við sáum t.d mikið af kennarastýrðum verkum og útprentuð blöð sem börnin höfðu litað eða málað á (jafnvel allra yngstu börnin voru með slík blöð).

Hópurinn ályktaði að það er mjög mikilvægt að sýn okkar og skrifuð markmið endurspeglast í leikskólaumhverfinu og daglegu starfi. Vinnuumhverfi eða aðstaða fannst okkur ekki góð, lág borð, starfsfólk þurfti að bogra mikið, þrengsli og fleira. Eldhús var mjög lítið og staðsett á þriðju hæð. Fast settar skorður vegna ýmissa reglugerða sem voru sýnilegar um alla vegg. Til dæmis þurftu börn yngri en 2 ára að sofa í rimlarúmum með x mikið bil á milli. Við erum heppin með frjálsræði innan okkar ramma og að gætt sé að vinnuaðstöðu starfsfólks.

Gott andrúmsloft var í leikskólanum, allt starfsfólk glaðlegt og hlýlegt. Unnið var með þemu og starfsfólk var greinilega duglegt að fylgja þeim eftir.

Leikskóli 2- Holy Child.

Leikskólinn var stofnaður 1969 sem tilraunaverkefni til að mennta börn sem áttu við félagsleg vandamál að stríða heima fyrir. Skólinn hefur 96 nemendur 3-5 ára og eru þau í skólanum í 2 ár þar til þau fara í forskóla. Hjá þeim starfa 6 kennarar og 6 leiðbeinendur. Leikskóli er á neðstu hæð í stórri byggingu en á efri hæðum er forskóli/grunnskóli en skólalóðin þeirra er uppi á þaki. Við leikskólann er lítill leikvöllur svipað stór og litla svæðið okkar. Börnin vinna að ýmsum skapandi verkefnum og fara í sund einu sinni í viku (foreldrar með). Skólinn er í hverfi þar sem er mikið af fólki af erlendum uppruna og eru börn af mörgum þjóðernum í skólanum. Lítil sérdeild er við skólann þar sem börn með miklar sérþarfir s.s. einhverfu stunda nám, þau eru sjaldan með hinum börnunum í starfi. Í þessum leikskóla eru börn líka með takmarkaða vistun því ríkið borgar aðeins nokkra tíma á dag en eftir það þurfa foreldrar að greiða úr eigin vasa.

Við fengum góða kynningu á starfinu í matsal skólans og svo fengum við að taka þátt í athöfn á skólalóðinni þar sem öll börn og kennarar voru samankomin og nokkrum börnum veittar viðurkenningar (sem kom okkur spáskt fyrir sjónir) en eftir það var tónlist og dans ásamt frjálsum leik í garðinum. Eftir það fengum við að skoða okkur um á deildum. Í þessum leikskóla fannst okkur verið að vinna meira á þann hátt sem við þekkjum og var allt annað umhverfi þrátt fyrir að þar væru líka ýmsar skorður settar vegna reglugerða.

Við fengum bók að gjöf frá leikskólanum. Bókin byggir á sannri reynslu og er skrifuð af aðila tengdum leikskólanum.

Góðar hugmyndir; myndrænt spjald í útiveru til að hjálpa börnum að tjá sig. Gróðurkassar á lóðinni. Lágur klifur veggur á vegg. Myndænt blað þar sem eru hugmyndir að því hvernig maður getur sýnt öðrum góðvild. Passar vel með Blæ.

Deildirnar í báðum leikskólum voru yfirleitt bara með einu herbergi ásamt klósetti svo að okkar aðstaða er miklu betri. Það er umhugsunarvert að fleiri börn eru að greinast með taugaproskaraskanir eins og hér á landi og eins eru mörg börn með seinkaðan málþroska. Áhersla er á að kennarar kunni írsku þegar þeir fara í kennaranámið og börnum er kennd írski

Námskeið í jákvæðri sálfræði

Það helsta sem var farið í:

- Hamingjan enn og aftur, óvinir og vinir hamingjunnar, hamingja eftir aldri, hamingja eftir löndum og menningu o.s.frv. Hvað gerir okkur hamingusöm? Hvað getum við gert til að auka hamingju okkar? Bent á bókina Why are icelanders so happy? Eric Weiner-hamingjulönd.
- Vaxandi viðhorf og staðnað viðhorf.
- Martin Seligman - lært hjálparleysi: Og úr því það er hægt er að rannsaka eða láta hund gefast upp - er þá ekki hægt að kenna seiglu, bjartsýni og von? Hluti af því er að gera áætlun um að blómstra; markmið, leiðir og hindranir.
- Vinnan: Er starfið mitt köllun, eða bara starf, eða starfsþróun - varnir gegn kulnun, gott samræmi milli áskorunar og hæfni og setja mörk
- Styrkleikapróf sent á þátttakendur.
- Athyglispróf
- Prófuðum hláturjoga sem var mjög skemmtilegt.

Vorum ánægð með námskeiðið, góð áminning.

Hugmynd út frá jákvæðri sálfræði- Athuga í Blæ tösku- spyrja börnin- Hvað gerir þig glaða/n?